

L Ö G**13**

25. jan.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast
lán fyrir Jóhannes Jósefsson.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs
allt að 20000 sterlingspunda lán, er Jóhannes Jósefsson hóteleigandi ætlar að fá
í Englandi, enda verði lánið tryggt með fyrsta veðrétti í húseigninni Hótel Borg
í Reykjavík og bakábyrgð Reykjavíkurbæjar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.